# Ferðamannakönnun á Borgarfirði eystri 1999



Víknaslóðir

Gönguleiðir við Borgarfjörð eystri

# Ferðamannakönnunin 1999

Hér fylgir með **tólfta** ferðamannakönnun okkar hér á Borgarfirði eystri og um leið **þrettánda** ferðamannatalningin. Í sumar fengum við 262 svör sem er þokkalegar heimtur en könnunin nær eingöngu til íslendinga. Hlutfall svara miðað við íslenska ferðamenn er tæp 4,3%, álíka og í fyrra.

Veruleg fækkun varð á fjölda erlendra gesta eða um rúm 30%. Íslendingar eru hinsvegar nánast jafn margir og mörg undanfarin ár ef litið er framhjá 1998. Ástæða verulegrar fækkunar erlendra ferðamanna má sjá í rútufjölda en rútum fækkar verulega eða úr 112 í fyrra í 79 í ár.

Ekki er gerð sérstök könnun á fjölda göngufólks á svæðinu. Búast má við verulegri aukningu göngufólks hér á næstu árum. Kemur þar margt til svo sem merking gönguleiða, útgáfa gönguleiðakorts og bygging vandaðs skála í Breiðuvík. Fyrirhuguð er bygging annars skála í Húsavík á næsta vori. Þá verður göngusvæðið á Víkum orðið mjög vel útbúið hvað gistingu varðar. Nú er það okkar sem hér búum að koma góðu skipulagi á gönguferðir um svæðið þannig að fólk njóti sem best þessa frábæra svæðis. Við getum þar lagt okkar fram með því að setja upp skipulagðar ferðir um svæðið.

Ferðamálahópur Borgarfjarðar hefur í sumar haldið áfram merkingum á gönguleiðum og verða þær leiðir sem merktar hafa verið yfirfarnar með málningu og nýjum stikum þar sem með þarf. Ferðamálahópurinn hefur einnig sett upp útsýnisskífu á Gagnheiði og byggt þrjár göngubrýr yfir ár á svæðinu.

Auk þess hefur Ferðamálahópurinn komið sér upp vandaðri heimasíðu með ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir göngufólk. Þar er einnig að finna göngukortið sem gefið var úti í sl. vor og ýmsar tillögur að gönguferðum á Víknaslóðum.

Þessi ferðamannakönnun, okkar er unnin á sama hátt og áður, ekki vísindalega en þó má ýmislegt af henni læra ef við viljum og eins og ávalt áður kemur margt fróðlegt fram í svörum við spurningum 11, 12 og 13.

Eins og undanfarin ár annaðist starfsfólk Álfasteins úrvinnslu og tölvuvinnu en eyðublöðin lágu frammi í Fjarðarborg og í Álfasteini.

Þeir sem svöruðu könnuninni í sumar fá bestu þakkir svo og þeir aðrir sem heimsóttu okkur á Borgarfjörð.

Borgarfirði 17. september 1999.

Helgi M. Arngrímsson

formaður Ferðamálahóps Borgarfjarðar
og framkvæmdastjóri Álfasteins ehf.

Meðaltalsfjöldi ferðamanna í Álfsteini 1.6. - 15.9.
1987-1999




Fjöldi ferðamanna í Álfasteini eftir dögum 1999




Fjöldi ferðamanna í Álfasteini miðað við 12.september árin 1987 - 1999
10000
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
8452
7530
9248
8354
9154
9656
6423
8511
9252
7055
6490
4963
5045
1999
1998
1997
1996
1995
1994
1993
1992
1991
1990
1989
1988
1987


Hlutfall íslendinga og útlendinga í Álfasteini 1991-1999
10.000
9.000
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
6.765
6.430
4.728
7.092
6.290
6.313
6.187
4.215
6.112
2.571
2.084
1.707
2.580
2.869
2.041
3.061
3.348
2.340
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
útlendingar
íslendingar


Rútufjöldi 1.6. - 15.9. árin 1989 - 1999
150
125
100
75
50
25
0
44
72
102
90
53
99
111
83
136
112
79
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999


1. Hvaðan af landinu ert þú?
Suðurland 11,5%
Austurland 10,3%
Reykjavík 36,4%
Norðurland 15,3%
Vestfirðir 1,5%
Vesturland 3,1%
Suðurnes 3,8%
Höfuðborgar-svæði utan Reykjavíkur 18,0%


2. Hvar fékkst þú upplýsingar um Borgarfjörð?
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
22,2%
49,8%
13,8%
25,7%
Af bókum
Hjá kunningjum
Í ferðabæklingum
Annarsstaðar


3. Hver er ástæðan fyrir komu þinni hingað?
35%
30%
25%
20%
15%
10%
5%
0%
30,7%
29,9%
13,0%
19,9%
6,9%
21,8%
Á hringferð
Í sumarbsúst. á Héraði
Í hópferð
Skoða Álfastein
Hitta kunningja
Annað


4. Hefur þú komið hér áður?
Nei 59%
Já 41%

## 5. Hvaða þjónustu hefur þú nýtt þér?




## 6. Hvaða staði hefur þú skoðað hér?




## 7. Vissir þú um Álfastein áður en þú komst hingað?



**8. Fjölmargar álfa- og huldufólkssögur eru tengdar Borgarfirði eystri.**
( Svar 1 = lítið - Svar 9 = mikið )

**Hefur þú gaman af svona sögum?**




**Trúir þú þessum sögum?**




**Er ástæða til að viðhalda þessari þjóðtrú?**



## 9. Hvaða eftirtalda þjónustu myndir þú nýta þér hér ef hún væri til staðar?




## 10. Veist þú hvað"Álfaborgarsjéns" er?




## 10. Veist þú hvað "Andvökunætur" eru?



## 11. Hverju finnst að mætti breyta hér til að þjónusta ferðafólk betur ?

Eitthvað fyrir börnin. ( Reykjavík )
Snyrtingu byggðar, kantsteina, slá götueyjar og mála hús. ( V- Skaftafellssýslu )
Sundlaug, skipulagðar gönguferðir, leiðsögn um álfaslóðir og bátsferðir. ( Reykjavík )
Upplýsingaskilti þegar að komið er inn í bæinn. ( Garðabær )
Setja skilti við aðkomuna í bæinn og hvar maður er og Álfasteinn. ( Kópavogur )
Síma, vantar að GSM-þjónusta nái hingað krefja Landssíman um þessa sjálfsögðu þjónustu sem að þið eigið fullan rétt á. ( Reykjavík – Vestmannaeyjar )
Auglýsa staðinn betur. ( Reykjavík )
Ekkert sérstakt. Allt mjög gott. ( Reykjavík )
Meiri þjónustu. ( Reykjavík )
Útisnúrur á tjaldstæðið. ( Álftanesi )
Sumarhús, veitingastað, upplýsingarmiðstöð og fleira. ( Akureyri )
Flestöllu.
Klósettum á tjaldstæði og sturtur. ( Reykjavík )
Betra veður. ( Vopnafjörður )
Hafa sundlaug hér, auglýsa staðinn betur. ( Húsavík )
Betra skjól til að drekka nestið. ( Reykjavík )
Hafa opið fram á kvöldið á sumrin fyrir ferðamenn ð fá sér eitthvað í gogginn. ( Reykjavík )
Setja spegil á kamrana á tjaldstæðinu og hafa sjoppu. ( Egilsstaðir )
Afgreiðslunni. ( Reykjavík )
Mér finnst þjónustan hér til fyrirmyndar og vart hægt að fara fram á meira. ( Reykjavík )
Ódýrara vöruverð. ( Austurland )
Opin verslun lengur um sumarið. ( Kópavogur )
E.t.v. væri staður þar sem upplýsingar væri veittar og bent væri á hvar athyglisverð staðir eru. (Skagafjörður )
Samgöngur frá Héraði. Útsýnispallur í Hafnarhólma má ekki hrekja fuglana í burtu.
Ljót innkoma, húsin ekki nógu þrifaleg, eyðibýlalegt. ( Reykjavík )
Setjið upp Kjarvalssafn í Geitavík, gerið örugglega laðað fólk að þar sem æskuslóðir hans vekja örugglega áhuga fólks sem og upplýsingar um ævi hans. ( Reykjavík )
Sundlaug, gistimöguleika. ( Hafnarfjörður )
Sundalaug, skipulagðar gönguferðir, smákofagistingu og bátsferðir. ( Reykjavík )
Hefla malarvegi, upplýsingar um staðinn, sögu byggðar og mannlífs, Kjarval – sögusafn. ( Reykjavík )
Sundalaug, tívolí, fleiri búðir og fleira. ( Garðabær )
Meira sem tengist álfum. ( Grindavík )
Sundlaug og betri veitingar. ( Egilsstaðir )
Hafa fleiri búðir, videoleigu, sundlaug og bíó. ( Reykjavík )
Veginum, setja malbik frá Eiðum og hingað, sturtur á tjaldstæði ( þó að vel sé hægt að nota Fjarðarborg en þó aðeins á milli kl. 11 og 20 ). ( Mosfellsbær )
Setja upp litla upplýsingamiðstöð. ( Vestmannaeyjar )
Mér finnst að starfsfólk kaupfélagsins ætti að vera meira inni en ekki hanga úti og reykja. ( Reykjavík )
Stoppaði of stutt til að geta haft skoðun á breytingunum. Haldið sérkennum staðarins. ( Álftanesi )
Það þarf sundlaug og sumarbústaði. ( Fáskrúðsfirði )
Það á að koma bíó, sundlaug, og videoleiga. ( Reykjavík )
Laga veginn af héraði, skipulagðar hestaferðir. (Reykjavík )
Koma með videoleigu og bíó.
Bæta aðstöðuna á tjaldstæðinu við Álfaborgina. Það vantar sturtu þar og heitt vatn. (Akranes )
Merkja verslunina. ( Eyjafjörður ) Láta skilti á kaupfélagið. ( Reykjavík )
Allt, stækka bæinn, hafa tívolí, bíó og eitthvað skemmtilegt. ( Akureyri )
Laga útlit bæjarins. ( Seyðisfjöður )
Er ekki búinn að kynna mér þjónustu. ( Seltjarnarnes )
Staður til að setjast niður og fá sér snarl eða góðan mat. ( Reykjavík )
Meira líf í bænum. ( Reykjavík )
Mjög vel. ( Reykjavík )
Þetta er frábær staður. ( Austurland )
Meira fólk þarf að búa hér. ( Hvolsvöllur )
Auglýsa betur hvernig er hægt að komast hingað. ( Reykjavík )
Auka markaðssetningu á ákveðnum þáttum, t.d. gönguferðum og siglingum. Þ.e.a.s. kynna betur og fleira fólk mun koma. ( Reykjavík )

Veitingastaðurinn opinn lengur. ( Egilsstaðir )
Veitingar. lengur en til kl. 20.00, kaffiveitingastaður, fjölbreyttari nýlenduvörur, baðaðstaða og sundlaug, upplýsingamiðstöð. ( Hafnarfjörður )
Engu, haldið þorpinu öllu mest óbreyttu, þó án þess það hindri búsetu eða búsetuaukningu. ( Akureyri )
Það vantar sundlaug og heita potta fyrir göngufólk. ( Borgarbyggð )
Sundlaug, bensínstöð með sjoppu og þvottaplani. ( Reykjavík )
Breyta KHB húsinu. ( Seyðisfjörður )
Vantar leiktæki t.d. sandkassa og rólur við tjaldstæðið. ( Kópavogur )
Að breyta vindáttinni. ( Breiðdalur )
Smákofar til gistingar. ( Reykjavík )
Almennar upplýsingar. ( Skagafjörður )
Staðurinn er mjög góður eins og hann er. ( Hólmavík )
Grillsjoppu vantar. ( Reykjavík )
Merkja betur þar sem hægt er að versla og fara á WC og matsölustað. ( Blönduós )
Það má ekki breyta miklu en það þarf að gera staðinn skemmtilegri. ( Reykjavík )
Það er hvimleitt á fá reyk úr ruslabrennu yfir tjaldsvæðið. ( Reykjavík )
Setja upp fallega náttúrusundalug þar sem hægt væri að skoða þessu fallegu fjallasýn úr heita pottinum. ( Reykjavík )
Sundlaug, merking kaupfélags, sjoppur. ( Reykjavík )
Mér finnst aðalatriðið að halda kyrrðinni og rónni sem fylgja staðnum og jafn markaðssetja hann sem slíkan. ( Reykjavík )
Höfða meira til unglinga og barna. Meiri afþreyingu. ( Reykjavík)
Mjög vel að öllu staðið. ( Reykjavík )
Hafa sundlaug, leiðsögn um álfaslóðir og bátsferðir. ( Garðabær )
Bæta sturtuaðstöðuna til muna, auk alm. hreinlætisaðstöðu á tjaldsvæði, sundlaug eða heita potta, jafnvel útisturtur, snyrta mætti umhverfið og viðhald húsa. ( Austurland )
Fáu, reyna að halda þessu friðsæla andrúmslofti. ( Húsavík )
Mér finnst vanta sjoppu og sundlaug og svo mættu vera bátsferðir hér á svæðinu og svo vantar skilti á veginn til Loðmundarfjarðar. ( Þórshöfn )
GSM – samband og síðan opið lengur fyrir veitingar. ( Hafnarfjörður )
GSM- samband veitingaþjónusta. ( Ólafsfjörður )
Betri sjoppumenningu. ( Reykjavík )
Ferðamanakort af svæðinu (lítinn bækling). (Reykjavík )
Mér finnst þetta fallegur staður og ég held að það þurfi ekkert að laga hérna. (Akureyri )
Auglýsa staðinn betur og kynna hann sem náttúruperlu. ( Reykjavík )
Meira um að vera. ( Austurlandi )
Láta vörurnar í Álfasteini vera ódýrari. ( Vestmannaeyjar )
Hef aðeins notið góðrar þjónustu. ( Akureyri )
Lengja sumarið, verst hve ferðamannatíminn er stuttur. ( Húnaþing vestra )
Auka framboð á þjónustu við ferðamenn. ( Reykjavík )
Betri upplýsingar. ( Reykjavík )
Hafði lítinn tíma, þurfti að koma börnunum suður í flugvél. ( Reykjavík )
Það myndi auka sölu í steiniðjunni ef að ferðamenn fengju að sjá menn við slípunina.
Ég veit það ekki, það má nú alltaf breyta og bæta. ( Þingeyri )
Fleiri bekki í þorpinu. ( Selfoss )
Meira líf í bæinn, áberandi upplýsingamiðstöð,sundlaug, bátsferðir, einhverja sýningu etv. ( Akureyri )
Stækka bæinn. ( Akureyri )
Setja betri bensínstöð. ( Blönduós )
Hafa betra úrval af vörum og gera staðinn flottari. ( Reykjavík / Neskaupstað )
Verslun. ( Reykjavík )
Bæta við sundlaug. ( Hafnarfjörður ) Setja sundlaug. ( Vestmannaeyjar ) Gera sundlaug. ( Hafnarfjörður ) Láta sundlaug. ( Reykjavík ) Sundlaug. ( Reykjavík ) Vantar sundlaug. ( Reykjavík ) Vantar sundlaug. ( Akureyri ) Sundlaug og potta. ( Akureyri ) Sundlaug. ( Reykjavík ) Byggja sundlaug. ( Garðabær ) Sundlaug. ( Hornafjörður ) Lítil sundlaug eða heitur pottur væri vel þeginn. ( Reykjavík ) Sundlaug. ( Reykjavík ) Hafa sundlaug t.d. ( Vestmannaeyjar ) Hafa sundlaug, svo veit ég ekki meira. ( Reykjavík )
Gera betri veg. (Vestmannaeyjar ) Laga veginn hingað og helst að láta á hann bundið slitlag. ( Akureyri ) Bæta veginn að staðnum. ( Reykjavík ) Veginn. ( Reykjanes ) Betri veg. ( Kópavogur )
Öllu. ( Dalvík ) Öllu. ( Dalvík ) Öllu. ( Kópavogur ) Öllu. ( Reykjavík )

Veit ekki. ( Akureyri ) Veit ekki. ( Djúpivogur ) Veit ekki. ( Hafnarfjörður ) Veit ekki. ( Vatnsdal ) Ég hef enga skoðun á því, enda nýkomin hingað. ( Reykjavík ) Hef ekki kynnt mér það. ( Hafnarfjörður ) Hef ekki neina skoðun á því. ( Reykjavík )

Ekkert. ( Þorlákshöfn ) Ekkert. ( Reykjavík ) Engu sérstöku. ( Reykjaneskjördæmi ) Engu. ( Þorlákshöfn ) Engu. ( Garðabær ) Engu. ( Akranes ) Engu. ( Flateyri ) Engu. ( Reykjavík ) Engu. ( Neskaupsstað ) Engu. ( Reykjavík ) Engu. ( Kópavogur ) Engu. ( Akureyri ) Ekkert. ( Vestmannaeyjar ) Engu. ( Reykjavík ) Engu. ( Hafnarfjörður ) Engu. ( Ísafjörður ) Engu. ( Akureyri ) Engu. ( Garðabær ) Engu. ( Reykjavík ) Engu. ( Seyðisfjörður ) Ekkert sérstakt. ( Reykjavík )

Ekki of miklu. ( Reykjavík ) Ekki miklu. ( Reyðarfjörður )


**Velkomin á Víknaslóðir!**

*Gönguleiðir við Borgarfjörð eystri*

- Gott nýtt göngukort
- Frábært göngusvæði
- Skipulagðar gönguferðir

Yfir 90% ferðamanna koma við í Álfasteini. Opið 10:00 - 18:00

Líttu á www.alfasteinn.is

ÁLFA STEINN steiniðja

S: 472-9977 - Fax: 472-9877
alfasteinn@alfasteinn.is






Göngufólk í Stórurð.

## 12. Hvernig kom staðurinn þér fyrir sjónir?

Fallegt hér, hef komið hingað þrisvar. ( Hafnarfjörður )
Skemmtilegur. Að mörgu leiti eins og að fara 30 ár aftur í tíman, t.d. verslun, hundar á labbi, heimalingar í görðum og fleira. þessu má ekki breyta. ( Þingaeyjasýslu )
Bara mjög vel samt svolítið lítill fannst mér. ( Garðabær )
Krummaskuð. ( Reykjavík )
Snyrtilegur, friðsæll. ( Reykjavík )
Get ekki dæmt. ( Reyðarfjörður )
Fallegur en sást ekki vel fyrir þoku. ( Vestmannaeyjar )
Mjög fallegur, falleg náttúra. ( Vestmannaeyjar )
Mjög fallegt, vinalegt og fyrir alla muni gott veður. ( Reykjavík )
Hér er ótrúlega fallegt og vinalegt. ( Skagafirði )
Hér er mjög fallegt og á eftir að koma aftur í gönguferðir hér. ( Reykjavík )
Afskaplega fallegt og fólkið vinalegt. ( Reykjavík )
Hissa á hve margir búa hér. ( Reykjavík )
Ánægjulegt að koma hingað, þes vegna kom ég nú aftur. ( Reykjavík )
Ágætlega, landslagið er æðislegt. ( Reykjavík )
Vel, en að hann væri stærri. ( Kópavogur )
Afskekkt og illa viðhaldinn bær. ( Reykjavík )
Vel því að við komum í frábæru veðri og hér er rosalega fallegt. ( Vatnsdal )
Soldið lúinn. ( Egilsstaðir )
Mjög ánægður með dvölina. ( Reykjavík )
Mjög fallegur og snyrtilegur. ( Reykjavík )
Skemmilegur, vel viðhaldinn, snyrtilegur og sérstakur. ( Árnessýsla )
Vel en of mikið af ryðuðum húsum. (Kópavogur )
Ákaflega fallegur, stórbrotin fegurð. (Reykjavík )
Falleg fjallasýn. (Akureyri )
Ekki mjög vel.
Fallegasti staður sem við höfum komið á. (Reykjanes )
Snyrtilegur – til fyrirmyndar. (Álftanes )
Vel, en vantar meira fólk út á göturnar. (Reykjavík )
Sérstakur eins og alltaf. (Vestmannaeyjar )
Betur en margir aðrir smástaðir. (Reykjavík )
Hirðuleysi. smekkleysi, sóðalegur. Tvö hús í lagi, tveir garðar í lagi og rauða húsið í lagi. (Skaftafellssýsla)
Flottur. (Norðfjörður )
Fallegur – vegurinn hingað betri en ég hélt. (Kópavogur )
Skemmtilegur og margt að gera. (Reykjavík )
Mjög vel þrátt fyrir lélega fjallasýn vegna lágskýja. (Ísafjörður )
Notalegur. ( Ísafjörður )
Eins og ég átti von á. (Mosfellsbær )
Vel, huggulegur staður í fallegu landslagi. (Hornafjörður )
Umhverfið kom mér skemmtilega á óvart. fallegt og stórbrotið umhverfi. (Reykjavík )
Mömmu og pabba hefur alltaf langað að koma hingað, sérstaklega mömmu. (Reykjavík )
Fallegur. friðsæll. Margar gamlar ómálaðar, illa viðhaldið byggingar. (Húsavík )
Mjög fallegur staður sem ég mun örugglega koma aftur til og örugglega fara í gönguferðir. (Reykjavík )
Sem mjög notalegur og þjóðlegur staður. ( Hafnarfjörður )
Illa. Litið og asnalegt þorp.
Lítill, minni en mig minnti. (Akranes )
Hann virðist vera mjög gamall og illa viðhaldinn. ( Garðabær )
Oggolítið place sem að lítið skeður á. ( Akureyri )
Hann kemur alltaf vel fyrir sjónir. ( Seltjarnarnes )
Þokkalega. ( Norðurland )
Mjög fallegur, fjöllinn stórfengleg, snyrtilegt. ( Eyjafirði )
Mjög fallegur en ótrúlega afskekktur. ( Reykjavík )
Hann er glæsilegur. ( Seltjarnarnes )
Staðurinn er ægifagur, með þeim fallegustu á landinu, fólkið vingjarnlegt, staður þar sem að ég vildi eyða sumarfríinu mínu á. ( Reykjavík )
Kom í yndislegu veðri. ( Ísafjörður )

Einhvernveginn. ( Seyðisfjörður )
Fallegur, friðsæll sem sérstakt lítið sjávarþorp með leifar af fyrri tímum. ( Austurland )
Sem sveitabær, dauður bær. ( Reykjavík )
Vel - fallegur en þó eyðilegur. ( Reykjavík )
Ekkert sérstakur, ljótur. ( Reykjavík )
Ósnyrtilegur og íbúðarhús óhrjáleg. Koma heildarmynd á bæinn og gera hann svolítið fyrir augað. ( Mosfellsbær )
Vinalegur. ( Suðurland )
Hann er mjög fallegur og hér er mjög gróðursælt. ( Stykkishólmur )
Mjög vel, það var því miður töluverð þoka þegar við komum. ( Reykjavík )
Friðsæll. ( Árnessýsla )
Mjög fallegt útsýni yfir fjörðinn, hann er fallegur og lítill. ( Reykjavík )
Mjög vinalegur en það vantar upplýsingaskilti og merkja kaupfélagið. ( Reykjavík )
Einstakt lítið sjávarþorp. ( Reykjavík )
Í niðurníðslu, ómáluð þök. ( Reykjavík )
Fallegur lítill bær með yndislegri náttúru. Þar sem stutt er að fara á fallega staði og í víkur. ( Hólmavík )
Mjög snyrtilegur og þægilegur. ( Garðabær )
Þrifalegur – vingjarnlegur. ( Reykjavík )
Dálítill vindur. ( Breiðdal )
Mjög fallegur staður. ( Reykjaneskjördæmi )
Yndislegur. ( Borgarbyggð ) Hann er bara yndislegur. ( Egilsstaðir )
Staðurinn kom mér vel fyrir sjónir og vildi gjarnan koma hér aftur. ( Akureyri )
Fallegur, alltaf gaman að heimsækja Borgarfjörð. ( Djúpivogur )
Ég varð hissa. ( Reykjavík )
Frábær, kyrrlátur og fallegur. ( Reykjavík )
Fallegasti staður á Íslandi, eða allavega með þeim fallegustu. ( Seltjarnarnes )
Viðkunnalegur. ( Selfoss )
Mjög vinalegt sjávarþorp í fallegu umhverfi. ( Akureyri )
Viðbjóðslega fallegur. ( Reykjavík )
Fallegt – þoka. ( Reykjavík – Svíþjóð )
Fallegur og sérstakur. ( Akureyri )
Ég sá hann ekki, kom í þoku. ( Hvolsvöllur )
Mjög fallegur og einstaklega notalegur. Verð þó að undrast yfir því hvernig þið haldið búinu gangandi eins lítill og bærinn er. ( Reykjavík )
Hann kom mér mjög á óvart. Hér er virkilega gaman að koma, snyrtilegt og mikið gert til að fá ferðafólk. ( Hornafjörður )
Áhugaverður. ( Vestmannaeyjar )
Mjög vel, fallegt umhverfið. ( Þingeyri )
Mjög vel, fallegur, verð að koma hingað aftur til að skoða. ( Reykjavík )
Strjálbýlt. ( Reykjavík )
Þægilega á óvart. ( Hafnarfjörður )
Frábær – umhverfið er frábært. ( Húnaþing vestra )
Þrifalegur. ( Reykjavík )
Þrifalegur, nema afrennslið í sjóinn. ( Akureyri )
Miklu meira undirlendi en ég átti von á. ( Reykjavík )
Ljótt og lítið. ( Hafnarfjörður )
Mér finnst hér mjög fallegt. ( Reykjavík )
Mjög vel, þetta er fallegur staður. ( Vestmannaeyjar )
Fínn – en ábyggilega leiðinlegt að eiga heima hérna. ( Vestmannaeyjar )
Mjög gaman að koma hingað. ( Eyjafjarðarsveit )
Fallegur þrátt fyrir rigningu og vont veður. ( Mosfellsbær )
Gott að koma hingað og góðar móttökur. ( Reykjavík )
Veðrið bar því miður lélegt, bærinn sjálfur er mjög huggulegur. ( Reykjavík )
Geysilega fallegur. ( Hvolsvöllur )
Ljómandi hlýr og vinalegur og yfirleitt mjög snyrtilegur. ( Eyjafirði – Norðurlandi eystra )
Mikil náttúrufegurð. ( Neskaupsstaður )
Vel, kyrrsæll. ( Húsavík )
Vel, fallegustu fjöll á landinu. ( Egilsstaðir )
Vel, mjög áhugaverður. ( Reykjavík )
Mjög fallegur og aðlaðandi. ( Vestmannaeyjar )

Fallegur og snyrtilegt. Góð aðstaða við tjaldstæðið. ( Selfoss )
Hlýlegur. ( Reykjavík )
Ágætlega. En ég var hissa hvað byggðin er lítil. ( Reykjavík / Neskaupstaður )
Hélt hann væri stærri. ( Reykjavík )
Lítill en góður bær. ( Hafnarfjörður ) Smár en skemmtilegur. ( Skagaströnd ) Lítill og notalegur. ( Blönduós ) Lítill, fallegur og friðsæll bær. ( Reykjavík ) Lítill en vinalegur. ( Kópavogur ) Indæll lítill bær. ( Reykjavík ) Flottur en lítill. ( Vestmannaeyjar ) Lítið sætt þorp í sveit. ( Reykjavík ) Lítill og rólegur. (Fáskrúðsfjörður ) Lítill, en leynir á sér. ( Reykjavík ) Lítill en vinalegur. ( Mosfellsbær ) Lítið sætt þorp í sveit. ( Garðabær )
Fallegur og friðsæll. ( Akureyri ) Fallegt, friðsælt. (Húsavík ) Friðsæll og fagur. ( Reykjavík ) Fallegur, rólegur. ( Reykjavík )
Fallegur. ( Reykjavík ) Fallegur. ( Reykjavík ) Fallegur. ( Reykjavík ) Fallegur. ( Austurland ) Fallegur. ( Reykjavík ) Fallegur. ( Hafnarfjörður ) Fallegur. ( Grindavík ) Fallegur. ( Neskaupsstaður ) Fallegt. ( Reykjavík ) Fallegur. (Reykjavík ) Fallegur staður. ( Bárðardalur ) Fallegur. ( Vestmannaeyjar )
Mjög fallegur. ( Akureyri ) Mjög fallegur. ( Reykjavík ) Mjög fallegur. ( Vestmannaeyjar )
Fallegt lítið þorp. ( Akureyri ) Lítið fallegt þorp. (Akureyri ) Lítill og fallegur. ( Vestmannaeyjar ) Lítill og flottur. ( Akureyri )
Ljótur. ( Seyðisfjöður ) Ljótur. ( Reykjavík )
Vel. (Egilsstaðir ) Vel. ( Þorlákshöfn ) Vel. ( Reykjavík ) Vel. ( Garðabær ) Vel. ( Reykjavík ) Vel. (Keflavík ) Vel. ( Ólafsfjörður ) Vel. ( Hafnarfjörður ) Vel. ( Hafnarfjörður ) Vel. ( Kópavogur ) Vel. ( Hvammstangi ) Vel. ( Seyðisfjörður ) Vel. (Álftanes ) Vel. (Reykjavík ) Vel. ( Egilsstaðir ) Vel. ( Fellabær ) Vel. ( Hellissandur ) Vel. ( Selfoss ) Vel. ( Reykjavík ) Vel. ( Seltjarnarnes ) Vel. (Kópavogur ) Vel. (Garðabæ) Vel. Akureyri ) Finn. ( Austurland )
Illa. ( Kópavogur ) Illa. ( Reykjavík ) Illa. ( Dalvíkurbyggð ) Illa. ( Reykjavík ) Illa. ( Garðabær ) Illa. ( Reykjavík ) Illa. ( Egilsstaðir ) Ekki vel. (Reykjavík )
Ágætlega. ( Mosfellsbær ) Ágætlega. ( Kópavogur ) Ágætlega. ( Reykjavík ) Ágætlega. ( Neskaupstaður) Ágætur. ( Reykjavík ) Ágætlega. ( Akureyri ) Ágætlega. ( Reykjavík ) Ágætlega. ( Sandgerði )
Bara vel. (Akureyri ) Bara vel. ( Reykjavík ) Bara vel. ( Þórshöfn ) Bara vel. ( Húsavík ) Bara fint. ( Akureyri ) Bara ágætlega. ( Flateyri )
Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. ( S – Vesturland ) Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. (Hafnarfjörður ) Mjög vel. (Akureyri ) Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. ( Vopnafjörður ) Mjög vel. ( Reykjavík ) Mjög vel. (Hafnarfjörður )
Frábærlega. (Akranes ) Alltaf frábær. ( Reykjavík ) Alveg frábær. ( Reykjavík ) Frábær. ( Austurland ) Frábær. ( Hafnarfjörður ) Frábær eins og alltaf. (Reykjavík ) Frábær bær.
Lítill. ( Akureyri ) Lítill. ( Reykjavík ) Smár. (Vestmannaeyjar ) Lítið. ( Reykjavík )
Skemmtilegur. (Reykjavík ) Skemmtilegur. ( Neskaupstað )



## 13. Að lokum. Hvað kom þér mest á óvart hér?

Hafnarhólminn og fuglalífið þar. ( Hafnarfjörður )
Hvað fjallasýnin er mikil og falleg. ( Hafnarfjörður )
Fámennið og hvað staðurinn er lítill. ( Reykjavík )
Vegurinn að staðnum og gömul hús. ( Vestmannaeyjar )
Kaupfélagið og bensínstöðin. ( Reykjavík ) Kaupfélagið. ( Reykjavík )
Erfitt að dæma. ( Akranes )
Hvað það er rosalega fallegt hér. ( Fáskrúðsfjörður )
Smábátahöfnin, sem er stórkostleg og til sérstakrar fyrirmyndar. ( Sauðárkrókur )
Að það væri ekki sundlaug. ( Reykjavík )
Umhverfið. ( Reykjavík )
Jákvætt hugarfar íbúa. ( Ísafjörður )
Sundlaugin á Nesi og Dóri frændi. ( Reykjavík )
Fuglaskoðun í Hafnarhólma. ( Kópavogur )
Hreindýrið hans Bjössa sem að borðaði brauðið mitt og stangaði mig síðan, það var ekkert mjög kurteist. ( Neskaupstaður )
Hreinlegur bær. ( Kópavogur )
Nálægð fjalla, stærð staðarins. ( V- Skaftafellssýsla )
Kaupfélagið var ómerkt. ( Reykjavík )
Góðar veitingar. ( Garðabær )
Mannvirkin við höfn og hafnarhólma. ( Reykjavík - Vestmannaeyjar )
Hvað þetta er afskekkt. ( Akureyri )
Lyktin. ( Reykjavík )
Sundlaugin uppi á Hóli á Snotrunesi. ( Mosfellsbær )
Útsýnispallurinn í Hafnarhólma, alveg þess virði að koma bara til að sjá hann. Ætti að kynna hann betur í ferðabæklingum. ( Reykjavík )
Að kaupfélagið skuli ekki vera merkt. ( Reykjavík )
Hvað hér er fallegt útsýni. Friðsællt hér og ábyggilega gott að vera í góðu veðri. ( Akureyri )
Hvað bærinn er lítill. ( Akureyri )
Hvað byggðin er stór og hver stutt er hingað. Drottningarleg fegurð, hreint ólýsanlegt. ( Reykjavík )
Álfasteinn, ég hélt að hann væri bara með stein til sýnis. ( Kópavogur )
Að svona margir búi hérna. ( Húsavík )
Ekkert, hef komið hingað áður og langaði að koma aftur. ( Reykjavík )
Hve fallegt hér er, hreint loft, gott skipulag á hlutum án þess að vera of dýrt, upplýsingar góðar, fólk alúðlegt og þjónusta til fyrirmyndar. ( Reykjavík )
Að það væri hægt að kaupa nammi í Álfasteini. ( Egilsstaðir )
Eiginlega ekkert nema þá helst landslagið. ( Vatnsdal )
Ekkert, ég bjóst ekki við neinu sérstöku. ( Reykjavík )
Fuglalífið og fegurðin. ( Reykjavík )
Hversu mikið er gert fyrir ferðamenn – auk vel viðhaldið húsa, þ.e. þeirra sem gerð hafa verið upp. ( Reykjavík )
Að manni skuli aldrei leiðast að skoða fjörðinn. ( Reykjavík )
Ekkert sérstakt, nema að það skyldi vera gott veður og notalegheit er samt þó nokkru betra veður í Vopnafirið enda sá heitari. ( Austurland )
Gott viðmót fólks, allir tilbúnir að gera allt fyrir mann. ( Reykjavík )
Veðrið er mjög gott og hér búa fleiri en ég bjóst við. ( Skagafirði )
Vegurinn yfir fjallið. ( Hellissandi )
Álfasteinn ehf. – glæsilegt framtak. ( Reykjavík )
Rólegur og fallegur kaupsstaður. ( Reykjavík )
Lundarnir í fuglabjarginu. ( Reykjavík )
Friðsældin. ( Vestmannaeyjar )
Allt flott. ( Vestmannaeyjar )
Nýkomin á staðinn, á eftir að skoða mig um. ( Vestmannaeyjar )
Að það sé engin sundlaug. ( Garðabær )
Aðkoman. Flott steinaframleiðsla. ( Reykjavík )
Þjónustulundin. ( Reykjavík )
" Standardinn" á veitingastaðnum – fyrirtak. ( Reykjavík )
Lindarbakki, Álfaborgin, og fólkið, snjórinn, hressir krakkar búa hér og margir krakkar. ( Garðabær )
Einangrunin. ( Grindavík )

Lítið af húsum. ( Egilsstaðir )
Hvað það er gott veður. ( Flateyri )
Litil þjónusta. ( Reykjavík )
Veðrið, fjöllin og hafnarhólminn. ( Hafnarfjörður )
Hvað það er búsældarlegt hér og undirlendi mikið. Kem aftur að skoða mig betur um. ( Álftanes )
Skálinn í Breiðuvík. (Reykjavík )
Hversu margir íbúar eru hér miðað við landfræðilega einangrun. Vegirnir hljóta að vera hræðilegir að vetri til. (Reykjavík )
Hvað þetta er notalegur staður. ( Eyjafjörður )
Það var í rauninni ekkert, við höfum ferðast það víða. ( Reykjavík )
Búin að koma oft áður. ( Seltjarnarnes )
Steinarnir í Álfasteini. ( Garðabær )
Hvað steinarnir í Álfasteini ehf. eru flottir. ( Seltjarnarnes )
Margbreytileiki landslagsins og fegurðin á alla vegu hvert sem litið er. ( Reykjavík )
Fegurðin, hundarnir og Álfaborgin. ( Reykjavík )
Fjöllin. ( Mosfellsbær )
Kom hingað fyrst fyrir 11 árum, og man eigi hvað kom mér mest á óvart þá. Ég get ekki sagt að staðurinn hafi mikið breyst og kom mér því fátt á óvart. Verð þó að segja að þorpið er mjög snyrtilegt og garðar mjög fallegir og vel viðhaldnir. ( Reykjavík )
Hvað þetta er lítið og ég vorkenni fólki að vera hér. ( Hvolvöllur )
Gestrisni fólksins. ( Reykjavík )
Allt frábært, frábærlega fallegir strákar. ( Þorlákshöfn )
Hvað það er gaman á Borgarfirði eystra. ( Reykjavík )
Að veitingastaðurinn skyldi opna fyrir okkur eftir lokun. ( Egilsstaðir )
Að það skuli vera byggð hérna, bærinn lítill. ( Akureyri )
Hversu langan tíma tekur að slípa steina í Álfasteini. ( S- Vesturlandi )
Til fyrirmyndar merkingar á gönguleiðum, staðurinn býður uppá mikla möguleika. ( Hafnarfjörður )
Krafturinn. ( Reykjavík og Svíþjóð )
Hversu mörgum gömlum húsum er vel við haldið og nöfnum og ártölum látin halda sér. ( Akureyri)
Hvað lítið hefur breyst, var hér í sveit fyrir 50 árum. ( Seltjarnarnes )
Altaristaflan í kirkjunni. ( Reykjavík )
Steinaúrvalið í Álfasteini. ( Djúpivogur )
Ógeðslega fiskilyktin. ( Kópavogur )
Hve vel er staðið að merkingu gönguleiða og útgáfu gönguleiðakorta. ( 12 frá Borgarbyggð )
Smábátahöfnin og fuglavarpið. ( Keflavík )
Álfaborgin. ( Reykjavík )
Góð merking á gönguslóðum vítt og breitt. ( Reykjavík )
Hvað húsin eru gömul og bærinn lítill. ( Seyðisfjörður )
Fegurðin og lundabyggðin. ( Suðurland )
Ljótir olíutankar. ( Garðabær )
Minna en ég hélt. ( Reykjavík )
Ruslið í kringum Grund.
Það var vindurinn. ( Breiðdal )
Góð aðstaða í útsýnispöllum í Hafnarhólma. ( Reykjavík )
Bærinn í heild sinni. ( Skagafjörður )
Stórkostleg náttúra. ( Hólmavík )
Kyrrðin. ( Reykjavík )
Að ekki væri sundlaug. ( Blönduós )
Litafegurð í fjöllum. ( Reykjavík )
Fegurð fjalla. ( Reykjavík )
Að höfuðstaður álfa á Íslandi sé í stóru Álfaborginni í bænum. ( Reykjavík )
Lítill og fámennur. ( Reykjavík )
Hvað hér er gróðursælt og hlýlegt. ( Stykkishólmur )
Vegakerfið. ( Suðurland )
Hversu frábært framtak er í vinnslu hér úr íslensku grjóti. ( Mosfellsbær )
Hvað það eru illa merktir staðir og engar sjoppur. ( Reykjavík )
Hversu lítið eru um afþeyingu. ( Reykjavík )
Í sjálfu sér hafði ég ekki neinar mótaðar skoðanir áður en ég kom hingað svo erfitt er að dæma hvað kom mér mest á óvart. Bakkagerði og Borgarfjörður komu mér fyrir sjónir sem tiltölulega blómleg byggð við ysta haf og það gleður mig alltaf og slíkan stað í ham. ( Reykjavík )

Vel merkt – góðar gönguleiðir. ( Reykjavík )
Flottir steinar. ( Þorlákshöfn )
Að það væri engin sundlaug, hafa meiri afþreyingu. Fólkið er líka svo "næs". ( Garðabær )
Morgunsólin var alveg frábær, vel mætti selja útlendingum inn á íslenskar sumarnætur hér – þær eru einstakar. ( Austurland )
Hvað gönguleiðir eru vel stikaðar. Hestaferðir, að þær skuli þrífast í þessum bratta. ( Húnaþing vestra )
Dugnaður fólksins og þrautseigja. ( Akureyri )
Steinarnir hér. ( Akureyri )
Umhverfið, hve fallegt það er. ( Hafnarfjörður )
Allt gamla fólkið. ( Hafnarfjörður )
Þjónustulipurð stúlkunar á hótelinu. ( Eyjafjörður- Norðurland eystra )
Náttúrufegurðin. ( Hvolsvöllur ) Náttúrufegurðin. ( Reykjavík )
Ekkert, í þetta sinn. ( Hafnarfjörður )
Lítlil þjónunsta. ( Reykjavík )
Hve vel gönguleiðir eru merktar og til fyrirmyndar. ( Reykjavík )
Landslag. ( Eyjafjarðasveit )
Hvað staðurinn er ljótir. ( Dalvíkurbyggð )
Kríuvarpið og náttúrufegurðin. ( Vestmannaeyjar )
Hvað steinarnir eru dýrir. ( Reykjavík )
Hvað steinarnir eru dýrir og altaristaflan- af hverju biskupinn vildi ekki vígja hana því það væri ekki hægt að þekkja sálu. ( Reykjavík )
Hvað staðurinn er lítill og ekkert um að vera. ( Austurland )
Hvað vörurnar í Álfasteini eru dýrar. ( Vestmannaeyjar )
Hvað staðurinn er ljótur. ( Dalvíkurbyggð )
Hvað dalurinn á milli fjalla er breiður. ( Hafnarfjörður )
Snyrtileg salerni á tjaldsvæðinu. ( Reykjavík )
Ég hafði frétt af flutningi hafnarinnar og það kom mér á óvart hve vel af honum hefur verið staðið. (Reykjavík )
Húsið sem að blasti við út um gluggann á Fjarðarborg, það má fríkka upp á það. (Reykjavík )
Hvað það er fallegt hérna. ( Þingeyri )
Hvað vörurnar í Álfasteini eru dýrar. ( Vestmannaeyjar )
Litafegurð. ( Húsavík )
Hve margt fólk var á leiðinni. ( Reykjavík )
Fegurðin í landslagi og frábært viðmót fólksins. ( Egilsstaðir )
Álfasteinn frábær, vantar að markaðssetja hann betur t.d. á Reykjavíkursvæðinu. Takk fyrir mig og velkomin til Eyja. ( Vestmannaeyjar )
Fallegur og viðkunnarlegur staður. ( Selfoss )
Hitinn. ( Akureyri )
Hvað þetta er lítið. Gott veður. ( Akureyri )
Hafði góðar upplýsingar fyrir svo ekkert kom á óvart en áhugavert að kynnast af eigin raun. ( Kópavogur )
Náttúrufegurðin og fjölbreytileikinn í mununum í Álfasteini. ( Hvammstangi ).
Álfasteinn. ( Reykjavík ) Álfasteinn. ( Vestmannaeyjar ) Álfasteinn. ( Reykjavík ) Álfasteinn ehf. ( Reykjavík )
Lindarbakki. ( Reykjavík ) Gamla torfhúsið. ( Kópavogur ) Litla húsið; Lindarbakki. ( Reykjavík )
Höfnin. ( Akureyri ) Höfnin. ( Ísafjörður )
Allt. ( Reykjavík ) Allt. ( Reykjavík ) Allt. ( Sandgerði ) Allt. ( Vopnafjörður ) Allt. ( Reyðarfjörður )
Ekkert. ( Vestmannaeyjar ) Ekkert. ( Hafnarfjörður ) Ekkert. ( Seyðisfjörður ) Ekkert. ( Akureyri ) Ekkert. Ekkert. ( Reykjavík ) Ekkert. ( Reykjavík ) Ekki neitt. ( Reykjavík ) Ekkert.
Fegurð staðarins. ( Árnessýslu ) Fegurðin. ( Álftanes ) Fegurðin. ( Selfoss )
Ekki viss. ( Akureyri ) Ekki viss. ( Akureyri )
Hvað hér er fallegt. ( Reykjanes ) Hvað er fallegt hér. ( Hafnarfjörður )
Hvað staðurinn er lítill. ( Reykjavík ) Hvað hann er lítill. ( Reykjavík ) Smæðin. ( Mosfellsbær ) Hann var svo lítill. ( Akureyri ) Hvað bærinn er lítill. ( Akureyri ) Hvað bærin er lítill. ( Þórshöfn ) Hvað byggðin er lítil. ( Reykjavík / Neskaupstaður )

www.alfasteinn.is